

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi í Reykholti, hitaveitulóð.*

Í breytingunni felst að lóð Bláskógaveitu í Reykholti stækkar úr 1.500 m<sup>2</sup> í um 3.600 m<sup>2</sup> til norðurs þar sem fyrirhugað er að reisa nýja, allt að 200 m<sup>2</sup>, dælustöð á lóðinni.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 11. desember 2012.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**